

Fimmtudaginn 19. nóvember 1992.

Nr. 414/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Trausta Róbert Guðmundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála með kæru 12. nóvember 1992, en kærugögn bárust Hæstarétti 16. sama mánaðar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með aðild máls þessa samkvæmt 141. gr. laga nr. 19/1991, en ríkissaksóknari hefur falið rannsóknarlögreglustjóra að flytja fyrir héraðsdómi Reykjavíkur mál, sem höfðað var gegn ákærða með ákæru 10. nóvember 1992, sbr. 1. mgr. 29. gr. fyrrgreindra laga. Er þess krafist af hálfu ákærvaldsins, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 10. október 1992 var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi til 11. nóvember 1992 fyrir brot þau, sem lýst er í hinum kærða úrskurði. Er málavöxtum lýst í hinum fyrrgreinda úrskurði meðal annars svo:

„Málavextir eru þeir, að síðastliðna nótt, laugardaginn 10. október 1992 kl. 3.10 var óskað aðstoðar lögreglu að Reynihlíð 7, Reykjavík, en þar hafði óþekktur maður brotist inn og numið á brott 7 ára stúlkubarn. Vitni, sem búsett er í húsi nr. 11 við sömu götu, gaf sig fram við lögreglumenn og kvaðst hafa séð ungan, dökkhærðan mann hlaupa í suðurátt í átt að Garðshorni (gróðrarstöð) og kirkjugarðinum. Hafi maðurinn haldið á stúlkubarni í fanginu. Fenginn var liðsauki til að leita telpunnar í Fossvogskirkjugarði, og dreifðu lögreglumenn sér um kirkjugarðinn og svæðið við Garðshorn. Um kl. 3.44 heyrði lögreglumaður, sem var staddur syðst í kirkjugarðinum, u. þ. b. fyrir honum miðjum, við girðinguna, í barnsrödd. Kom hann þá auga á mann í svörtum leðurjakka

og bláum gallabuxum og gaf honum skipun um að nema staðar. Lagði maðurinn þá frá sér telpuna, sem hann hafði haldið á fyrir framan sig, og hljóp inn í kjarr, þar sem hann var handtekinn skömmu síðar.

Kærði er grunaður um að hafa ætlað að beita telpuna kynferðislegu ofbeldi á heimili hennar eða eftir að hafa numið hana á brott og farið með hana út í Fossvogskirkjugarð. Í frásögn telpunnar kemur fram, að hún hafi vaknað við það, að maður sat á gólfi við hliðina á rúmi hennar, og hafi hann verið að strjúka henni. Síðan kveður hún hann hafa lagst upp í rúmið við hlið hennar og sagst vera faðir hennar. Hún kveður hann þá hafa strokið sér aftur og hafi hún æpt á hann. Hafi hann þá lamið hana í höfuðið og hlaupið með hana út úr húsinu. Hún kveður hann hafa haft í frammi gagnvart henni ýmsa kynferðislega tilburði bæði á heimili hennar og í kirkjugarðinum, og vísast nánar um það til lögregluskýrslna.“

Svo sem fyrr segir, hefur verið gefin út ákæra á hendur ákærða, en þar eru honum meðal annars gefin að sök brot gegn 193. gr., 1. mgr. 226. gr., 1. mgr. 202. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með skírskotun til framanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur 11. nóvember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 11. nóvember, er á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingvaldi Einarsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald, sem kærða, Trausta Róbert Guðmundssyni, var gert að sæta samkvæmt úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 10. október 1992, allt til miðvikudagsins 11. nóvember 1992 kl. 16.00, verði framlengt frá lokum þeirrar gæsluvarðhaldsvistar hans allt til þess, er dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 16. desember nk. kl. 16.00.

Um málavexti vísast til úrskurðar héraðsdóms Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 10. október sl.

Sakavottorð kærða liggur frammi í málinu, og með hliðsjón af því þykir mega fallast á með RLR, að c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1992 eigi við um mál þetta.

Meðal brota þeirra, sem kærði er hér grunaður um að hafa framið, er brot gegn 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og getur refsing samkvæmt því ákvæði verið allt að 16 ára fangelsi eða ævilangt.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. mgr., c-liðar, og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 þykir rétt að taka kröfu RLR um áframhaldandi gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kæri, Trausti Róbert Guðmundsson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, er rennur út kl. 16.00 í dag, allt til þess, er dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 16. desember 1992 kl. 16.00.
